

Ársskýrsla 2005 - 2006

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 23. mars. 2006 í Sólheimakoti

Aðalstjórn

Ástrós Gunnarsdóttir

Sigríður Bílddal

Sigurður Magnússon

Varastjórn

Dagur Jónsson

Olgeir Gestsson

Starfsnefnd

Guðjón Snær Steindórsson

Ævar Valgeirsson

Ingólfur Guðmundsson

Karl Andersen

Ólafur Ólafsson

Þorsteinn Birgisson

Starfsemi

Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir. Stjórn sendi fulltrúa á 3 fulltrúaráðsfundi HRFÍ. Starfsnefnd hélt einnig nokkra fundi á árinu.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 11 pörunarbeiðnir á starfsárinu (9 labrador, 2 golden) og var þeim öllum svarað. Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2004 voru Labrador 151 úr 21 goti og Golden 17 úr 2 gotum.

Innflutningur

3 Labrador og 1 Golden.

Starfsnefnd

Starfsnefndin hélt nokkra fundi á seinasta ári.

Ákveðið var að halda tveggja daga próf við Villingavatni júlí og á Hunkubökkum um verslunarmannahelgina, og fá erlenda dómara á bæði prófin.

Nokkur umræða var um bráð og þá sérstaklega með tilliti til yfirvofandi fuglaflensu.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Labrador

40 HD myndaðir

FRI: 30

HD: 10

75% frí 34 ED myndaðir

FRI: 29

ED: 5

85% frí

Golden

2 HD myndaðir

FRI: 1

HD: 1

50% frí 2 ED myndaðir

FRI:1

ED: 1

50% frí

Curly

1 HD myndaðir

FRI: 1

HD: 0

100% frí

Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu.

Alls mættu 63 retrieverhundar. Labrador 52, golden 10 og chesapeake 1.

Ekkert nýtt tilfelli af catarakt greindist. Í fyrsta sinn greindist í augnskoðun tilfelli af PRA í labrador.

Í kjölfarið hefur farið af stað tilraunarvinna sem miðar að því að genaprófa þá hunda sem standa næst þeim er var greindur.

Niðurstöður úr þeim prófum eru settar í gagnagrunn deildarinnar á heimasíðunni og eru því aðgengilegar öllum.

Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem ýmsar upplýsingar eru til staðar um starfsemi deildarinnar ásamt fréttalista þar sem félagsmenn geta skráð sig á og fengið allar nýjustu fréttir.

Deildin hefur einnig yfir að ráða gagnagrunni sem vistaður er á heimasíðu deildarinnar.

Í þessum grunni eru upplýsingar um árangur á sýningum, veiðiprófum og heilsufar. Mjaðmir, olnboga og augnskoðanir. Einnig eru upplýsingar um eigendur skv. ættbók, ættartafla og ýmsar upplýsingar um gotsystkini hunds og got undan viðkomandi hundi.

Heimasíðustjóri okkar Olgeir Gestsson á veg og vanda að vinnu við grunninn sem mun auðvelda hinum almenna félagsmanni til muna að afla sér upplýsinga um einstaka hunda með tilliti til ræktunar, því að þarna eru samankomnar allar upplýsingar sem fylgja ættbók hundsins.

Sýningar

3 sýningar voru á starfsárinu.

Sýndir voru 135 Labrador og 43 Golden og 1 Chesapeake Bay.

Veiðipróf

7 veiðipróf voru haldin á starfsárinu og tóku alls þátt 81 hundar. Allt Labradorhundar.

Meistarar

Labrador:

ISCH Tíbráar Tinda Karólína Kátína, eig. Auður Valgeirsdóttir

ISVCH Kolkuós Björk, eig. Sigurmon Marvin Hreinsson

ISVCH Altiquin Spectre, eig. Sigurmon Marvin Hreinsson

INT.CH ISCH Emily, eig. Guðný Sigurðardóttir

DKCH SU(U)CH ISCH BEJSG98 Uncletom of Brownbank Cottage, eig. Guðsteinn Eyjólfsson

Golden:

INT.CH ISCH Íslands Nollar Guttormur Geir, eig. Steinunn Guðjónsdóttir

INT.CH ISCH Íslands Nollar Dreki, eig. Þórunn Hafstein

Deildin óskar þeim til hamingju með árangurinn.

Retrievernámskeið

Retrievernámskeiðin eru orðin fastur liður í starfsemi deildarinnar og fer þátttakendum á námskeiðum stöðugt fjölgandi og er svo komið að fjölga þarf leiðbeinendum. Þeir Dagur Jónsson og Ingólfur Snær Jakobsson hafa því gengið á námskeiðunum sem nemar, og þeir Hlynur Hjaltason, Samúel Hermannsson og Þorsteinn Birgisson sem aðstoðarmenn.

Skapgerðarmat

Á starfsárinu hafa 5 Labrador hundar gengist undir skapgerðarmat.

Lokaorð

Mikil gróska hefur einkennt liðið starfsár innan deildarinnar og mörgu verið komið í verk þó margt sé enn óunnið. Því er að þakka því fólki sem er tilbúið að vinna fyrir deildina hvort heldur er í nefndum og stjórn eða á sýningum og veiðiprófum. Mig langar að lokum að þakka þeim sem létu af störfum fyrir starfsnefndina á árinu fyrir störf þeirra og bjóða þá sem nýir koma inn velkomna. Einnig vil ég óska öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju með ósk um áframhaldandi gott gengi.